

L Ö G

60

24. maí

um breyting á lögum nr. 47 7. maí 1946, um sildarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

3. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn sildarverksmiðja ríkisins skal annast byggingu verksmiðjunnar og allan rekstur hennar.

Önnur ákvæði um rekstur verksmiðjunnar svo og annað, er þurfa þykir í sambandi við byggingu hennar, skal ákveða í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt niður fallið umboð núverandi stjórnar sildarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

Gjört í Reykjavík, 24. maí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.

L Ö G

61

31. maí

um váttryggingarfélög fyrir fiskiskip.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Stofnun og verksvið.

1. gr.

Skip merkir í lögum þessum öll fljótandi för, stór og smá, sem sigla undir íslenskum fána, innan þeirra takmarka, sem löggin setja.

2. gr.

Allir vélbátaeigendur, sem eiga vélbáta með þilfari, allt að 100 rúml. brúttó að stærð, sem aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir til að váttryggja þá hjá váttryggingarfélagi, sem starfar samkv. lögum þessum innan þess svæðis, sem